

Snæfellsbær
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær



Reykjavík 29. mars 2016
UST201602-150/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis á Arnarstapa

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 12. febrúar, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis á Arnarstapa.

Ofangreind tillaga felur í sér að gert er ráð fyrir 6 verslunar- og þjónustulóðum á skipulagssvæðinu.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er tillagan nær yfir er í aðalskipulagi merkt sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Í greinargerð kemur fram að á deiliskipulagssvæðinu austanverðu er gert ráð fyrir 3 litlum lóðum fyrir veitingasölu og verslun. Vestanmegin á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir rými fyrir söluvagna á stöðuleyfum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað verði að því að heildarsýn verði yfir þeim byggingum er rísa á svæði fyrir verslun og þjónustu.

Náttúruminjar


Ofangreint skipulagssvæði er umlukið náttúruminum þ.m.t. friðlandi á ströndinni við Stapa og Hellna, og landslagið á svæðinu er afar fagurt. Ströndin við Stapa og Hellna var friðlýst árið 1979. Margar fagrar og sérkennilegar bergmyndanir er að finna við sjó á þessum slóðum. Þar hafa sérkennilegar klettamyndanir mótast af briminu. Hellnahraun kom upp úr gíg nærri Jökulhálsi sem nú er hulinn jökli. Á svæðinu er t.a.m. að finna sérkennilegar gjár sem ágangur sjávar hefur grópað í bergið. Fuglalíf er ríkulegt á þessum slóðum. Umhverfisstofnun bendir á að á slíkum stað þarf að vanda vel allar framkvæmdir, sérstaklega skiptir form og efnis- og litaval miklu.


Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð að mikilvægt er að byggðin falli vel að landi og að hús verði lágrest og að allur frágangur á svæðinu verði vandaður. Einnig tekur stofnunin undir mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask, og að til gróðursetninga verði valinn íslenskar trjátegundir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það verði skoðað hve mikið magn bygginga svæði eins og Arnarstapi þoli áður en gengið er á verndargildi svæðisins sem heildar. Hraunið, Stapafellið og friðlýst ströndin mynda þannig umgjörð að mikilvægt er að samræmi sé yfir framkvæmdum á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að mikið er af smærri húsum á Arnarstapa og ítrekar mikilvægi þess að heildarásýnd sé yfir allri byggð á svæðinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur